

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, 581. mál**


SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu vísa til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 11. maí sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, 581. mál. SVÞ hafa kynnt sér fyrirbyggjandi frumvarp og óska þess að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri hvað það varðar.

SVÞ vísa til almennra athugasemda við fyrirbyggjandi frumvarp sem og umræðna á fundi samtakanna og annarra hagsmunaaðila með atvinnuveganefnd 20. apríl sl. þar sem mál þetta var til umræðu. Eins og ráða má af fyrirbyggjandi upplýsingum þá var skýr vilji meirihluta atvinnuveganefndar á 145. löggjafarþingi til að hraða innleiðingu á auknum kvótum vegna innflutnings á sérostum (upprunatengdum ostum) þannig að sú aukning kæmi til framkvæmda á fyrsta ári gildistíma samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur, m.a. með það a markmiði að veita innflutningsaðilum tækifæri til þess að auka úrval osta hér á landi innlendum neytendum til hagsbóta.

Óþarfi er að rekja hér frekar ástæðu þess að mál þetta náði ekki fram að ganga á 145. löggjafarþingi en ítreka SVÞ mikilvægi þess að fyrirbyggjandi tillaga verði nú samþykkt og komi til framkvæmda sem fyrst. Í ljósi þessa ítreka SVÞ stuðning við fyrirbyggjandi frumvarp og efni þess.

Að öðru leyti gera SVÞ ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp. SVÞ áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVÞ



---

Lásur M. K. Ólafsson  
Lögmaður SVÞ